



KROSSINN

Alþingi
Erindi nr. P 127/422
komudagur 10.12.2001

Kópavogur 6.12. 2001.

Aðskilnaður ríkis og kirkju.

Yfirburðastað Þjóðkirkjunnar í skjóli ríkisvaldsins, hefur leitt hana inn á óheillbrautir valdhroka, valdniðslu og mismununar. Þessi staða hefir einnig veikt Þjóðkirkjuna, þannig að hún sinnir ekki kirkjulegum skildum sínum við landslýð en mókir í hægindum sínum og starf hennar virðst hafa það helsta markmið að viðhalda sjálfri sér.


Núverandi skipan er að sjálfsögðu arfur aldanna, þegar einokun og mismunun var daglegt brauð og valdsherrarnir gerðu það sem þeim best líkaði hverju sinni. Þróun jafnréttismála hefur verið ör og þegar litið er til landanna í kringum okkar þá hafa þau sem betur fer flest horfið frá þeirra skipan að ein kirkjudeild fái yfirburðaaðstöðu í skjóli stærðar sinnar eða umhyggju ríkisvaldsins.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé aðeins tímaspursmál hvenær breytingar verða á þessari skipan hér á landi. Það fækkar mjög í Þjóðkirkjunni og mun sú þróun eflaust halda áfram. Menn verða að hafa í huga að þeir, sem ekki eru í Þjóðkirkjunni og eru því annarsflokks þegnar, eru um þrjátíu þúsund manns. Raddir þeirra munu verða háværi þar sem mismununin er æ sýnilegri.

Þegar ég vísa til þeirra sem annars flokks þegna, sem eru utan Þjóðkirkjunnar má benda á það m.a. að gjöld sem eru innheimt fyrir trúfélögin með sköttunum eru um þrjátíu af hundraði hærri til Þjóðkirkjunnar en annara trúfélaga. Menn hafa barist fyrir leiðréttingu þessara mála, en án árangurs enn sem komið er.

Við sjáum að það gerist æ oftar að markalínur í þjóðfélaginu eru dregnar af Hæstarétti (öryrkjadómurinn, Valdimarsmálið), en ekki og kjörnum fulltrúum á Alþingi eins og vera ber. Ég er hræddur um að ef löggjafinn grípur ekki inn í þetta mál með leiðréttingu á þeim lagagrunni sem trúfélög starfa eftir munu menn leita leiðréttinga með dómi frá Hæstarétti með skírskotun um grófa mismunun þegnanna. Það væri miður.

Meðð vinsemi og virðingu,



Gunnar Þorsteinsson